

Breytingar á reglum um ársskil

– m.a. breyttur gjalddagi —

Með reglugerð nr. 134/1999 voru gerðar nokkrar breytingar á reglugerð nr. 667/1995, um framtal og skil á virðisaukaskatti. **Þessar breytingar lúta flestar að svokölluðum ársskilareglum, en ársskilareglur fjalla um þá sem nota árið sem uppgjörstímabil virðisaukaskatts.**

Meðal helstu breytinga er eftirfarandi:

1. Gjalddagi ársskila breyttist úr 15. mars í 5. febrúar. Gjalddagi þeirra sem eru með ársskil fyrir árið 1999 er því **mánudagurinn 7. febrúar árið 2000** (nema 800.000 kr. veltumark hafi náðst því þá eru gjalddagar fyrr).
2. Hingað til hefur skattstjóri því aðeins mátt samþykka inneign virðisaukaskatts hjá þeim sem eru með ársskil að fyrir liggja ársreikningur. Nú nægir að með inneignarskýrslu fylgi afrit af ársreikningi eða hreyfingalistar inn- og útskatts eða ljósrit af bókhaldshefti.
3. Við þann hóp sem ársskilareglur gilda aldrei um bætast nokkrir, t.d. þeir sem eru skráðir frjálsri skráningu vegna leigu á fasteign, hlutafélög, samvinnufélög og þeir sem sætt hafa áætlun virðisaukaskatts vegna undanfarandi almanaksárs.

4. Það telst ekki lengur breyting á forsendum ársskila að hætta starfsemi. Þannig fellur niður skylda til þess að gera upp virðisaukaskatt innan ársins vegna loka á starfsemi. Í staðinn geta ársskilaaðilar sem hætta starfsemi valið um að gera áfallinn skatt upp á gjalddaga þess almenna (tveggja mánaða) uppgjörstímabils sem starfsemi lýkur á eða á gjalddaga ársskila. Gjaldandi þarf engu að síður að tilkynna skriflega til skattstjóra að starfsemi sé lokið, eigi síðar en átta dögum frá því að starfsemi var hætt. **Skylda til að gera upp virðisaukaskatt innan ársins vegna 800.000 króna veltumarks er hins vegar alveg óbreytt.**

Nánari upplýsingar um ársskil er að finna í bæklingnum „**Til minnis um ársskil**“ sem m.a. má nálgast á upplýsingavef ríkisskattstjóra (www.rsk.is). **Þeir sem eru með ársskil eru hvattir til að kynna sér bæklinginn.**

Nánari upplýsingar veita gjaldaskrifstofa ríkisskattstjóra í síma 563-1112 og skattstjórar um land allt.

GJALDASKRIFSTOFA RÍKISSKATTSTJÓRA